



Reykjavík, 30. október 2025

FAS25100017

1210

Borgarráð

Tillaga um lántökur 2026

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2026 að fjárhæð 14.000 m.kr. til að fjármagna áformaðar fjárfestingar á árinu 2026 og til að fjármagna stofnframlög borgarinnar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum. Ennfremur verði lántakan nýtt til fjármögnunar á stofnframlögum til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага. Jafnframt er lagt til að veita sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs umboð fyrir hönd Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að lántakan sé nýtt til að fjármagna fjárfestingar, stofnframlög borgarinnar óhagnaðardrifinna féлага vegna bygginga og kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og stofnframlög til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага. Ef eingöngu er tekið mið af áætluðum fjárfestingum ársins 2026 miðar tillagan við að 59% fjárfestinga séu fjármagnaðar með langtímalánum.

Gert er ráð fyrir að lántakan verði m.a. með útgáfu í eftirtöldum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs:

- RVKN 35 1 sem er millilangur óverðtryggður skuldabréfaflokkur.
- RVKNG 40 1 sem er óverðtryggður grænn skuldabréfaflokkur.
- RVK 44 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur
- RVKG 48 1 sem er langur verðtryggður grænn skuldabréfaflokkur
- RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Ofangreindir skuldabréfaflokkar eru skráðir í kauphöll og eru með viðskiptavakt að undanskildum RVKNG 40 1. Ennfremur eru í kauphöll skráðir tveir aðrir skuldabréfaflokkar, RVKN 27 1, stuttur óverðtryggður flokkur, sem gefinn var út árið 2024 og RVK 32 1. Ekki er gert ráð fyrir að gefa út í RVK 32 1 á næsta ári. Við síðustu endurnýjun viðskiptavakasamninga kom RVK 44 1 nýr inn í viðskiptavakt og vakt með RVK 32 1 hætti 1. október sl.

Á árinu 2024 var samið við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) um 100 milljón evra fjármögnun vegna sérstaks viðhaldsverkefnis í grunnskólum og leikskólum. Í lok árs 2024 var dregið á lánið, 16 milljónir evra og gengið frá gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningi fyrir sömu fjárhæð í maí sl. Gert er ráð fyrir að áfram verði dregið á lánið í samræmi við framgang verkefnisins og markaðsaðstæður á árinu 2026 og yrði sú lántaka hluti af lántökuáætlun ársins.

Jafnframt kemur til álita að fjármögnun ársins verði með útgáfum á nýjum skuldabréfaflokkum, beinni lántöku eða með öðrum hætti með hliðsjón af markaðsaðstæðum.


Heiða Björg Hilmiðsdóttir
Borgarstjóri



Reykjavík